



MINIMED™ 780G KERFIÐ Leiðbeiningar fyrir skóla



| | |
|---|----|
| Tilgangur og einstaklingsbundnar heilbrigðisáætlanir..... | 4 |
| MiniMed™ 780G kerfi | 5 |
| Handvirk stilling og SmartGuard™ stilling | 6 |
| SmartGuard™ stilling | 7 |
| Mikilvægar upplýsingar um SmartGuard™ stillingu | 7 |
| Hvernig veistu að dælan sé í SmartGuard™ stillingu | 7 |
| Ábyrgð nemanda þegar dælan er í SmartGuard™ stillingu | 8 |
| Undirstöðupættir dælnnar | 9 |
| Hnappar | 9 |
| Að nota dæluna í SmartGuard™ stillingu/handvirkri stillingu | 10 |
| Með tengdum mæli — að kanna blóðsykur | 10 |
| Með ótengdum mæli — að kanna blóðsykur | 10 |
| Hvernig á að gefa bolus í SmartGuard™ stillingu | 11 |
| Hvernig á að gefa bolus í handvirkri stillingu | 12 |
| Skammtímatatakmark í SmartGuard™ stillingu | 13 |
| Skammtíma-basal í handvirkri stillingu | 14 |
| Að kanna síðasta bolus og nýlegar aðgerðir | 15 |
| Viðvaranir og neyðarboð | 15 |
| Að skipta um rafhlöðu | 16 |
| Gott að hafa í huga | 17 |
| Mikilvægar öryggisupplýsingar | 18 |

TILGANGUR OG EINSTAKLINGSBUNDNAR HEILBRIGÐISÁÆTLANIR

Tilgangur

Þessum leiðbeiningum er ætlað að hjálpa skólum með grundvallarnotkun á MiniMed™ 780G kerfi nemandanna. Athugið að þessi bæklingur nær ekki yfir alla þætti insúlíndælumeðferðar og sívöktun blóðsykurs (CGM). Hann er skrifaður fyrir fólk sem hefur einhverja reynslu af slíkri tækni.

Einstaklingsbundnar heilbrigðisáætlanir



Allir nemendur sem nota MiniMed™ 780G kerfið ættu að hafa einstaklingsbundnar heilbrigðisáætlanir frá heilbrigðisstarfsmanni nemandans. Áætlunin ætti að innihalda:

- Heiti tækis með forrituðum stillingum. Athugið að dælan getur starfað í tvenns konar stillingum. Sjá næstu síðu fyrir frekari upplýsingar.
- Varaáætlun ef ekki er hægt að nota dæluna til að gefa insúlín með:
 - skjótvirkum insúlínpennum eða -sprautum og skömmtun fyrir mat og til að leiðrétta háan blóðsykur
 - hægvirikum insúlínpennum eða -sprautum og skammti, ef þörf krefur, fyrir langa veru í skólanum

Skilgreina skal ábyrgðarhlutverk foreldra/forráðamanna og skólans.



Íhlutir MiniMed™ 780G kerfisins



Það er góð hugmynd fyrir alla nemendur sem nota MiniMed™ 780G kerfið að hafa aukahluti fyrir dæluna tiltæka –

Ónotaða AA-raflöðu

Innrennslisett, innkotshylki, hylki og insúlín ef nemandinn getur sjálfur skipt um eigið innrennslisett eða skipt með aðstoð umönnunaraðila eða þjálfaðs einstaklings.

MiniMed™ 780G kerfið er hægt að nota í tveim mismunandi stillingum – handvirkri stillingu og SmartGuard™ stillingu.

Handvirk stilling er að nota dæluna með eða án sívöktunar blóðsykurs (CGM) á hefðbundinn hátt, eins og í fyrri dælukerfum frá Medtronic.

Í **SmartGuard™ stillingu** stillir kerfið sjálfkrafa basal-insúlín á 5 mínútna fresti byggt á mælingum á nemablóðsykri. Hún getur einnig gefið leiðréttingar-bolus sjálfkrafa til að bregðast við hárrí sykursmælingu. Nemandi sem notar SmartGuard™ stillingu gæti engu að síður þurft að mæla blóðsykurinn öðru hverju.

Handvirk stilling

Að nota dæluna á hefðbundinn hátt.

- Basal-tíðnir eru forritaðar fyrirfram.
- Hægt er að gefa bolus með Bolus Wizard™ virkninni eða handvirkum bolusum.
- Er hægt að nota með eða án sívöktun blóðsykurs.

Handvirk stilling án sívöktunar blóðsykurs



Handvirk stilling með sívöktun blóðsykurs



SmartGuard™ stilling

Stjórnað af SmartGuard™ reikniriti sem stillir sjálfkrafa af basal-insúlín byggt á mælingum nemablóðsykurs. Sívöktun blóðsykurs er nauðsynleg.

- Basal-insúlín er sjálfkrafa stillt af á 5 mínútna fresti.
- Getur gefið bolus sjálfkrafa ef SmartGuard™ virknin ákvarðar að leiðréttingar-bolus sé nauðsynlegur.
- Nauðsynlegt er að gefa bolus fyrir máltíðir með því að nota Bolus Wizard™ virknina.
- Sívöktun blóðsykurs er nauðsynleg.

SmartGuard™ stilling



Mikilvægar upplýsingar um SmartGuard™ stillingu:

- Sjálfvirkur basal er gefinn út frá sykurnemagildi
- SmartGuard™ stilling notar blóðsykursviðmið sem nemur 5,5, 6,1 eða 6,7 mmól/l. Þetta er ákvarðað af læknum
- Nemandi getur breytt takmarkinu tímabundið í 8,3 mmól/l, t.d. vegna hreyfingar. Þetta kallast að stilla skammtímatakmark
- Færa þarf kolvetni inn í Bolus Wizard dælnnar fyrir máltíðir
- Nemandi getur fengið viðvörðun ef dælan krefst þess að aðgerð sé framkvæmd til að gera kerfinu kleift að vera áfram í SmartGuard™ stillingu

Hvernig þú getur vitað hvort Minimed™ 780G sé með Smartguard™ virknina virka

Þegar dælan notar SmartGuard™ virknina sýnir heimaskjárin skjöld með núverandi sykurnemamælingu.



ÁBYRGÐ NEMANDA ÞEGAR DÆLAN ER Í SMARTGUARD™ STILLINGU

1. Bolus fyrir kolvetni fyrir máltíðir

Þegar SmartGuard™ stilling er virk verður nemandinn að gefa bolus vegna kolvetna fyrir hverja máltíð og snarl. Nemendur geta forðast háan blóðsykur eftir máltíðir með því að gefa insúlín fyrir máltíðir, sem gæti leitt til færri viðvarana og bættrar blóðsykursstjórnunar. Kannaðu einstaklingsbundnu heilbrigðisáætlunina varðandi heppilegan tíma fyrir bolus fyrir máltíð.


2. Að bregðast við viðvörnum og neyðarboðum

Nemendur ættu að bregðast tafarlaust við öllum viðvörnum og neyðarboðum til að forðast háan og lágan blóðsykur, sem gæti leitt til lengri tíma innan takmarksbils.

3. Að kanna blóðsykur ef þess er þörf

Nauðsynlegt getur verið að mæla blóðsykur með blóðsýni úr fingri öðru hverju

DÆLUHNAPPAR




Baklýsing

Ef þú ýtir ekki á hnappa á dælunni sérðu að það slokknar fljótlega á baklýsingunni. Það er enn kveikt á dælunni; hún er bara að spara rafhlöðuna. Nóg er að ýta á einhvern hnapp til að skjárin birtist aftur.

Blóðsykursmæling með Accu-Chek Guide Link mælinum

Hægt er að nota Accu-Chek Guide Link mælinn til að mæla blóðsykurinn og með því að ýta á hnappinn  Til baka eru niðurstöðurnar fljótt sendar til dælnnar.

Ef ekki er ýtt á  verður töf á því að blóðsykursmælingin birtist í dælunni.

Sendingarhnappurinn
Ýttu til að senda
blóðsykursmælingu strax til
dælnnar





Blóðsykursmæling með einhverjum öðrum mæli



Ef þú notar annars konar blóðsykursmæli geturðu fært mælinguna handvirkt inn í dæluna með eftirfarandi skrefum



HVERNIG Á AÐ GEFA BOLUS Í SMARTGUARD


1. Færðu blóðsykur inn í dæluna ef þörf krefur. Ef ekki er þörf á að færa inn blóðsykur verður núverandi sykurnemagildi aðgengilegt á skjámynd bolus wizard
2. Ýttu á  örina til að fara í Bolus Wizard™ virknina




3. Færðu inn kolvetnin með því að nota  örina og staðfestu með því að ýta á 
4. Farðu yfir bolus-magnið og veldu Deliver Bolus (gefa bolus)
5. Heimaskjárinn birtist og sýnir bolus-inn sem verið er að gefa

AÐ NOTA DÆLUNA Í HANDVIRKRI STILLINGU

Til að gefa leiðréttingar- og matar-bolus


1. Færðu blóðsykur inn í dæluna. Ef þú ert ekki að nota tengdan mæli skaltu fylgja fyrri skrefum með því að nota BG-táknið
2. Ýttu á  örina til að fara í Bolus Wizard™ virknina



3. Færðu inn kolvetnin með því að nota  örina og staðfestu með því að ýta á Velja
4. Farðu yfir bolus-magnið og veldu Deliver Bolus (gefa bolus)
5. Heimaskjárinn birtist og sýnir bolus-inn sem verið er að gefa


Til að gefa eingöngu leiðréttingar-bolus (enginn matur)

Færðu inn blóðsykur eins og í skrefunum að ofan en láttu kolvetni vera 0 g



Til að gefa eingöngu matar-bolus (enginn blóðsykur)


Eins og skrefin að ofan en láttu BG (blóðsykur) vera ---mmól/l og sláðu bara inn kolvetni



SKAMMTÍMATAKMARK Í SMARTGUARD™ STILLINGU

Nemandi gæti viljað breyta vöðu blóðsykurstakmarki tímabundið, t.d. vegna hreyfingar. Þetta kallast skammtímatatakmark. Í SmartGuard™ er Temp Target fest við 8,3 mmól/l.

Til að stilla skammtímatatakmark:


1. Á heimaskjánum ýtirðu á hnappinn  og velur svo Smartguard™ skjöldinn
2. Veldu Temp Target (skammtímatatakmark) til að kveikja eða slökkva á virkninni
3. Stilltu tímalengdina, frá 30 mínútum til 24 klukkustunda, í 30 mínútna bilum
4. Veldu Start (ræsa)

Skjárinn sýnir skilaboðin Temp Target Started (skammtímatatakmark ræst) og fer svo yfir í heimaskjáinn þar sem borði sýnir þann tíma sem eftir er af skammtímatatakmarkinu.




Til að hætta við skammtímatatakmark:

1. Á heimaskjánum ýtirðu á  og velur svo Smartguard™ skjöldinn
2. Veldu Cancel Temp Target (hætta við skammtímatatakmark)





SKAMMTÍMA BASAL Í HANDVIRKRI STILLINGU

Til að ræsa skammtíma basal-tíðni:


1. Á heimaskjánum ýtirðu á 
2. Veldu Basal > Temp Basal
3. Stilltu Duration (tímalengd) samkvæmt einstaklingsbundnum fyrirmælum
4. Veldu Next (áfram)
5. Veldu Type (tegund) til að velja Rate (tíðni) eða Percent (hlutfall)
6. Gerðu eitt af eftirfarandi, eftir því hvaða tegund var valin:
 - Færðu inn hlutfall samkvæmt einstaklingsbundnum fyrirmælum
 - Færðu inn basal-tíðni
7. Veldu Review (endurskoða) til að endurskoða stillingu skammtíma basal.
8. Veldu Begin (byrja) til að ræsa skammtíma basal-tíðnina.


Borðinn Temp Basal (skammtíma basal) birtist á heimaskjánum á meðan hann er gefinn



AÐ KANNA SÍÐASTA BOLUS OG NÝLEGAR AÐGERÐIR

Stundum gætirðu þurft að sjá tímasetningu eða magn síðasta bolus sem var gefinn. Til dæmis gætirðu viljað ganga úr skugga um að nemandi hafi fengið bolus í hádeginu. Þú gætir einnig viljað fara yfir nokkra síðustu bolus sem voru gefnir. Til dæmis gæti foreldri viljað vita hvaða bolusA barn þess fékk yfir daginn. Þú getur séð nokkra síðustu bolusA sem voru gefnir í Daily History (dagleg saga).

1. Ýttu á valhnappinn 
2. Veldu táknið History & Graph (saga og graf)
3. Farðu inn í history (saga)
4. Veldu daily history (dagleg saga)
5. Veldu dagsetninguna sem þú vilt skoða



Viðvaranir og neyðarboð

Hér eru nokkrar algengar viðvaranir og neyðarboð sem þú gætir séð í dælu nemanda



Lestu og bregstu við viðvörðuninni



Í báðum þessum dæmum dugar að færa inn blóðsykur handvirkt eða með tengda mælinum til þess að bregðast við og hreinsa viðvörðunina.

SKIPT UM RAFHLÖÐU

Dælan er knúin af AA-rafhlöðu. Hægt er að nota glænýja litíum- eða alkalírafhlöðu eða fullhlaðna endurhlaðanlega rafhlöðu.




1. Losaðu rafhlöðulokið með því að nota neðri brún beltisklemmunnar. (Eða notaðu þykka mynt.)

2. Settu rafhlöðuna í þannig að neikvæði (flat) endinn fari inn á undan.

3. Settu rafhlöðulokið aftur á dæluna og notaðu brún beltisklemmunnar til að festa það aftur á.

Ekki skrúfa rafhlöðulokið of laust á eða reyna að herða það of fast. Það ætti að vera í flútti við dæluna eins og sýnt er hér.



Gott að hafa í huga

MiniMed™ 780G kerfið með SmartGuard™ tækni getur hjálpað þér að halda blóðsykursmagni nemenda þinna innan réttra marka. Það getur hjálpað nemendum þínum að lifa heilbrigðara lífi og einbeita sér að náminu!

Gott að hafa í huga í SmartGuard stillingu:

- Nemendur verða að fá bolus fyrir máltíðir og bregðast við viðvörnum og neyðarboðum
- Nemendur geta engu að síður fengið háan eða lágan blóðsykur, svo þú skalt ganga úr skugga um að þú vitir hvernig á að bregðast við því.



Ef þig vantar tæknilega aðstoð, hafðu samband við AZ Medica í síma **564 5055 eða sendu tölvupóst á diabetes@medica.is. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu okkar <https://www.medica.is>**

MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

VIÐVÖRUN: Medtronic gerði mat á MiniMed™ 780G kerfinu og ákvarðaði að það sé hugsanlega ekki öruggt til notkunar hjá börnum yngri en 7 ára vegna þess hvernig kerfið er hannað og daglegar insúlínþarfar. Þess vegna ættu börn yngri en 7 ára ekki að nota þetta tæki. Þetta tæki ætti ekki heldur að vera notað af sjúklingum sem þurfa innan við 8 insúlíneiningar á dag, vegna þess að tækið krefst að lágmarki 8 eininga á dag til að starfa með öruggum hætti.

Sjá handbók tækisins varðandi ítarlegar upplýsingar eins og notkunarleiðbeiningar, ábendingar, frábendingar, viðvaranir, varúðarorð og mögulegar aukakverkanir. Hafðu samband við næsta fulltrúa Medtronic til að fá frekari upplýsingar.